



Skorradalshreppur

Alþingi
Erindi nr. P 138/1822
komudagur 28.4.2010

Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík

Grund, 27. apríl 2010

Skorradalshreppur óskar að koma á framfæri vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 á þskj. 744, mál nr. 427, en það er samhljóða athugasemd er gerð var fyrir 2 árum síðan.

1) Við 5. gr. laga nr. 75/2000 um verkefni *Brunamálastofnunar*, á eftir d. lið komi nýr liður svohljóðandi:

„x. vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í skóglendi“

2) Við 12. gr. laga nr. 75/2000 um *eldvarnaeftirlit sveitarfélaga*, á eftir a. lið komi nýr liður svohljóðandi:

„x. hafa í samvinnu við skipulagsfulltrúa eftirlit með því að skipulags- og skógræktaráætlanir fullnægi kröfum um eldvarnir í skóglendi“

Greinargerð:

Víða er skógur og/eða skógrækt hluti af skipulagðri landnotkun, sbr. það markmið að í „hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli“ (lög 95/2006). Þá eru þjóðskógar á vegum Skógræktar ríkisins víða að vaxa upp.

Jafnvel þótt talið sé að hætta á skógareldum sé lítil hér á landi er nauðsynlegt að tryggja að áætlanir um skógrækt taki til forvarna í þessu sambandi. Rétt er að benda á að Almannaþingin líta á skógarelda sem „náttúruvá“. Eðlilegt er að það sé meðal verkefna Brunamálastofnunar að vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í skóglendi og að það sé hluti af eldvarnaeftirliti sveitarfélaga að fylgja því eftir að skógræktaráætlanir innan sveitarfélagsins fullnægi kröfum um eldvarnir.

Virðingarfyllt
Davíð Pétursson
Davíð Pétursson
ODDVITI
SKORRADALSHREPPS

SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal
311 Borgarnesi
Sími: 4370005, fax: 4370155
Netfang: grund@simnet.is